

Kópavogsbær
B/t Auðar Dagnýjar Kristinsdóttur
skipulagsfulltrúa
Digranesvegur 1
20 Kópavogur

07.12.2017
2021-11-29/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um nýja lögrétt innan afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna í landi Kópavogs

Landsneti barst þann 11. nóvember 2021 beiðni um að veita umsögn ofangreint verkefni.

Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun. Í umsögn Landsnets er fyrst og fremst tekin afstaða til málefna sem snúa að því.

Framkvæmd við réttina virðist staðsett austan við Búrfellslínu 3b, en fyrirhugaðar nýjar línur við þá línu verða norðvestan Búrfellslínu 3b.

Landsnet leggur á það áherslu að allar framkvæmdir nærri háspennulínunum verði í fullu samráði við fyrirtækið. Það á sérstaklega við um mögulega þverun jarðstrengja en innan öryggissvæða þeirra eru allar framkvæmdir bannaðar án aðkomu Landsnets. Einnig þarf að tryggja að ekki geti skapast hætta undir loftlínunni vegna umferðar vinnutækja á framkvæmdatíma.

Landsnet bendir jafnframt á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir.

Landsnet gerir kröfu um að fá áhættugreiningu mögulegs verks til umsagnar áður en það er unnið. Gera þarf stjórnstöð Landsnets viðvart í síma 563 9401 áður en vinna hefst nærri háspennulínunum fyrirtækisins.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Einar Snorri Einarsson